

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 23. október kl. 09:00 var haldinn 1867. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfield Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn J&B Investment ehf., kt. 411018-0830, dags. 30. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá með lágmarks matargerð (Kántríbarinn) að Lækjargötu 6A, F2302662 og F2002708, rými 01 0001 og 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
2. Lögð fram umsókn J&B Investment ehf., kt. 411018-0830, dags. 22. september 2025, um skráningu á veitingastað (Kántríbarinn) að Lækjargötu 6A, F2302662 og F2002708, rými 01 0001 og 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
3. Lögð fram umsókn Yerba Mate sf., kt. 431123-1500, dags. 10. október 2025, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum og vefverslun með forpökkuð matvæli (Yerba Ice). Geymsla og dreifing er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
4. Lögð fram umsókn Vietnam food ehf., kt. 580820-0180, dags. 23. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Asia food) að Laugavegi 103, F2288768, rými 01 0102. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
5. Lögð fram umsókn Vietnam food ehf., kt. 580820-0180, dags. 22. ágúst 2025, um skráningu fyrir veitingastað (Asia food) að Laugavegi 103, F2288768, rými 01 0102. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
6. Lögð fram umsókn Nathan og Olsen hf., kt. 480269-5789, dags. 6. október 2025, um skráningu á starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi, að Klettagörðum 19, F2300169, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi*.

7. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - Eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 4. september 2025, um skráningu á niðurrifi á bröggum við Þórðarhöfða 4, F2042941, matshlutar 1-12, sbr. samþykkt byggingaráform USK25010175. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
8. Lögð fram umsókn Myndlistaskólans í Reykjavík ses. kt. 460269-4079, dags. 8. ágúst 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir sérskóla (Myndlistaskólinn í Reykjavík) að Rauðarárstíg 10, F2010365, rými 03 0202. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluð börnum og fullorðnum 6 eða fleiri, og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*.
9. Lögð fram tillaga að breytingu á starfsleyfi Listaháskóla Íslands, kt. 421098-4099, að Þórunnartúni 2, F2009428, sbr. erindi Listaháskólans þar um. Við leyfið bætast tvær kennslustofur á 2. hæð hússins og mun breytt starfsleyfi ná til rýma á 2. og 3. hæð, merking 010101. Breyting á húsnæði.
Samþykkt að breyta starfsleyfi sbr. heimild til breytinga á starfsleyfum skv. 14. gr *Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*. Starfsemi er óbreytt, gildistími starfsleyfis er óbreyttur eða til 21. nóvember 2035. Starfsleyfið er gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir framhalds- og háskóla*.

Fundi slitið kl. 09:43

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson